

95

5. júní

Lög þessi öðlast gildi, þegar sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu þeirra. Ákvæði 1. mgr. 31. gr. taka eigi til manna, sem ráðstafað hefur verið í sjúkrahús eða hæli fyrir gildistöku laganna.

42. gr.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*

96

5. júní

## L Ö G

### um embættisbústaði dómara.

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Ríkisstjórnin skal, þar til fullnægt er húsnæðisþörf héraðsdómara og hæstaréttardómara, láta byggja eða kaupa, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, 1—2 íbúðarhús á ári handa dómurum þessum, enda sé þar rúm fyrir skrifstofur þeirra, skjalasafn o. s. frv., eftir því sem við á. Byggingarnar skal gera eftir teikningum, er ráðherra hefur samþykkt. Byggingum þessum skal haga í samræmi við húsnæðisþörf og aðstæður á hverjum stað, og skal vandað til staðarvals og byggingarlóða. Þar skal fyrst byggja, er þörfin er mest að dómi ráðherra.

Ráðherra getur ákveðið, að byggja megi embættisskrifstofur og íbúðarhús hvort í sínu lagi.

#### 2. gr.

Nú verða héraðsdómaraskipti, og sá, er af störfum lætur, eða bú hans á hús, sem að dómi ráðherra er hæfur héraðsdómarabústaður, og skal þá ríkisstjórnin kaupa eignina, ef viðtakandi héraðsdómari óskar, enda fáist hún fyrir hæfilegt verð að dómi sérfróðra, óvilhallra manna.

#### 3. gr.

Um viðhald embættisbústaðarins o. fl. fer eftir reglum, er ráðherra setur.

#### 4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14 2. apríl 1946, um embættisbústaði héraðsdómara.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*